

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/450****2021/EES/22/99****frá 19. mars 2019****um birtingu evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur sem samin voru til stuðnings reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 305/2011 frá 9. mars 2011 um samræmd skilyrði fyrir markaðssetningu byggingarvara og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 89/106/EBE ⁽¹⁾, einkum 22. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 305/2011 eiga tæknimatsstofnanir að nota aðferðir og viðmiðanir, sem kveðið er á um í evrópskum matsskjölum, þar sem tilvísanir til þeirra hafa verið birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, til að meta nothæfi byggingarvara sem falla undir þessi skjöl í tengslum við mikilvæga eiginleika þeirra.
- 2) Í kjölfar ýmissa beiðna um evrópskt tæknimat frá framleiðendum hafa samtök tæknimatsstofnana, í samræmi við 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 305/2011, tekið saman og samþykkt ýmis evrópsk matsskjöl.
- 3) Framkvæmdastjórnin hefur metið hvort evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylli kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 305/2011.
- 4) Evrópsku matsskjölin, sem unnin eru á vegum samtaka tæknimatsstofnana, uppfylla kröfurnar í tengslum við grunnkröfur um mannvirki sem settar eru fram í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 305/2011. Því er viðeigandi að birta tilvísanir til þessara evrópsku matsskjala í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

*1. gr.*Tilvísanir til evrópsku matsskjalanna fyrir byggingarvörur, samin til stuðnings reglugerð (ESB) nr. 305/2011, sem eru tilgreindar í viðaukanum við þessa ákvörðun eru hér með birtar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.*2. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 19. mars 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 77, 20.3.2019, bls. 78. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 36/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 88, 4.4.2011, bls. 5.

VIÐAUKI

Tilvísun til og titill evrópsks matsskjals

040427-00-0404	Varmaeinangrunarkerfi til nota utandyra (ETICS) með múr sem varmaeinangrandi efni og gifslag eða ósamfelldar klæðningar sem ytra byrði
060012-00-0802	Reykháfakerfi fyrir reykkrörsfóðringar úr glerrefjum, ólífrænum og lífrænum efnum og fylgihlutum
090119-00-0404	Klæðningarkerfi fyrir útveggi úr steinefnaplötum með múrhúð sem borin er á á staðnum
090120-00-0404	Sett fyrir steinefnaplötur á útveggjakerfi sem eru ekki hluti af burðarvirkinu
130031-00-0304	Málmnet fyrir burðarbita og súlur
130082-00-0603	Klæðningarkerfi fyrir útveggi - plastklemmur til að festa timbur eða afurðir úr timbri utan á byggingarhluta
260014-00-0301	Aukefni af gerð II úr glæddu lagsílkati